



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Öldungaráð

Reykjavík, 9. október 2024

MSS24060032

UMSÖGN

Umsögn öldungaráðs um skýrslu og tillögur starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa.

Öldungaráð fagnar vinnunni og skýrslu um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa. Skýrslan er unnin þvert á fagsvið borgarinnar og nær að fanga þau aðkallandi verkefni sem þjónusta við eldra fólk kallar eftir.

Telur öldungaráð mikilvægt að halda í sýn Græna plansins sem horfir til styrkleika hverfanna, að vissir þjónustubættir og starfsemi sem tengist félags-, lýðheilsu og menningarstarfi taki mið að ólíkum þörfum eldra fólks sem búsett eru víðsvegar um borgina þannig að þjónusta megi öll sem best. Með því að kortleggja fimmtán þjónustukjarna og leggja fram umfangsmikið yfirlitskort yfir starfsemi hverfanna næst betri yfirsýn hvaða þjónusta er í boði í hvaða hverfishluta. Með því að setja upp gagnvirkt kort opnast leiðir að frekari umbreytingu á yfirsýn þjónustunnar þannig að hægt sé að nálgast allar upplýsingar á einum stað og tryggja áframhaldandi vinnu við að samræma það sem er í boði fyrir íbúa óháð aldri.

Tekur öldungaráð undir mikilvægi þess að þróa dagdvalir fyrir stækkandi hóp eldra fólks og samræma dagdvalarþjónustu á milli borgarhluta en brýn þörf er á dagdvöl fyrir eldra fólk í eystri byggð borgarinnar t.d. Breiðholti. Ráðið leggst ekki gegn því að taka fimm félagsmiðstöðvar undir þessa mikilvægu þjónustu en telur mikilvægt að hlúa að þeim félagsmiðstöðum sem eftir eru og endurhugsa starfsemi þeirra og þjónustuna í heild sinni út frá sístækkandi, fjölbreyttum hóp eldra fólks þannig að öll finni farveg til að huga að líkamlegri, félagslegri og andlegri heilsu og stuðla þannig að heilbrigðri öldrun.

Öldungaráð tekur undir ábendingar hópsins í skýrslunni og styður að unnin verði stefnumörkun um menningar- og félagsstarf fyrir öll óháð aldri í hverfum borgarinnar og verkefnin skilgreind nánar. Einnig er ráðið sammála að gert verði yfirlit um notkun húsnæðis borgarinnar í öllum hverfum og nýting þess verði kortlögð fyrir hverskonar félags-, íþrótt-, tómstunda- og menningarstarf út frá notendum húsnæðis. Enda í anda Græna plansins að nýta innviði sem nú þegar eru til staðar innan hverfanna með því að samnýta húsnæði í þágu íbúanna og á sama tíma reyna að koma til móts við ólíkar þarfir grasrótar fyrir félagsstarf, frístundir, fundi og fleira. Ráðið styður líka að unnið verði að betri og samræmdari nýtingu skóla- og frístundahúsnæðis í hverfum eftir að hefðbundinni nýtingu lýkur, enda eru til staðar smíðaverkstæði, mynd- og handmenntastofur ásamt skólaeldhúsi sem væri hægt að horfa til.



Reykjavík